

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN	SKÝRSLA YFIRHEYRSLA VITNI	RLS
Skýrslu gerir  9813 Birgir Jónasson, lögreglufulltrúi	Mál nr.  006-2002-00086	
Staður og stund:  Fimmtudagur 9. júní 2005 kl. 13:00 – Skrifstofa RLS, Skúlagötu 21, Reykjavík	IV/60.1	
Sakarefní: Rannsókn á ætluðum brotum forráðam. Baugs hf. og skyldra félaga – Vöruveltan hf./Litla fasteignafélagið ehf.		
Vitni: Solveig Theodórsdóttir	Kennitala: 141043-4209	
Starf/stáða:	Vinnusími:	
Löghemili: Danskogum 5, 109 Reykjavík	Sími: 557 3703/694 2560	
Dvalarstaður:	Sími:	

Solveig Theodórsdóttir er mætt til yfirheyrslu á skrifstofu Ríkislöggreglustjórans samkvæmt boðun. Henni er kunngert um tilefni yfirheyrslunnar, sem er opinber rannsókn á ætluðum brotum forráðamanna Baugs hf. og skyldra félaga í tengslum við kaup og sölu fasteigna til og frá Litla fasteignafélaginu ehf. á árunum 1998 og 1999.

Solveig nýtur réttarstöðu vitnis við rannsókn málsins samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála nr. 19/1991, en samkvæmt fyrilliggjandi gögnum var hún einn af stofnendum Litla fasteignafélagsins ehf, en fasteignir Vöruveltunnar hf. voru keyptar eða runnu til þess félags.

Solveigu er kunngerð vitnaskyldan um að öllum sé skylt að mæta fyrir dóm í opinberu máli séu þeir til þess kvaddir, sbr. 1. mgr. 49. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991. Solveigu er kunngerð vitnaábyrgðin sem er sú siðferðislega ábyrgð og refsiábyrgð sem hún kunni að baka sér með vísvitandi eða gáleysislega röngum framburði í skýrslu hjá löggreglu, sbr. 1. mgr. 59. gr. sömu laga. Enn fremur er brýnt fyrir Solveigu að segja satt og rétt frá og draga ekkert undan sem máli kunni að skipta.

Aðspurð segir Solveig að hún skilji tilefni yfirheyrslunnar og þau ákvæði réttarfarsлага er henni hafa verið gjörð kunn.

Yfirheyrslan fer þannig fram að skýrsla er rituð og skráð í tölvu. Spurningar og eftir atvikum gögn eru lögð fyrir Solveigu og svör hennar við þeim bókuð eftir henni í óbeinni ræðu.

### Litla fasteignafélagið ehf. – kaup og sala á fasteignum

Solveig er beðin að gera grein fyrir stofnun Litla fasteignafélagsins ehf.

Solveig segir að hennar aðkomu að þessu máli hafi verið það að sambýlismaður hennar, Grétar Haraldsson, hafi beðið hana að rita undir pappíra varðandi stofnun þessa félags, gagngert fyrir Eirík Sigurðsson og Helgu Gísladóttur. Solveig segir að Grétar hafi verið búinn að vinna mikið í gegnum tíðina fyrir Eirík og Helgu vegna fyrirtækis þeirra, Vöruveltuna hf. Solveig segir að Grétar hafi vonast til að fá vinnu út á Vöruveltuna hf. og Litla fasteignafélagið, en á þeim forsendum hafi hún ritað undir þessa pappíra. Solveig segir að á þeim hafi legið fyrir að nýir eigendur hafi verið komnir að Vöruveltunni hf, en það hafi á þeim tíma verið trúnaðarmál.

Solveig segir að strax í upphafi hafi legið fyrir að hún og Grétar ættu aðeins að koma fram fyrir þetta félag tímabundið, sem hafi reyndar orðið raunin, því nokkrum mánuðum eftir að félagið var stofnað hafi komið maður á heimili þeirra og sagst vera sækja alla pappíra varðandi Litla fasteignafélagið.

5.

06314

Solveig segir að hvorki hún né Grétar hafi fengið neitt greitt fyrir að taka þetta að sér og hafi Grétar enga vinnu fengið fyrir, hvorki fyrir Vöruveltuna hf. né Litla fasteignafélagið ehf.

Aðspurð segir Solveig að hana reki minni til að Jón Ásgeir, fremur en Baugur hf., hafi verið nefndur til sögunnar sem nýr eigandi Vöruveltunnar hf. á þessum tíma. Solveig segir að hún hafi í raun ekki greint þar á milli.

#### Gögn frá hlutafélagaskrá um Litla fasteignafélagið ehf.

Solveigu er sýnd samantekt Ríkislöggreglustjórans á upplýsingum um skipan stjórnar o. fl. í Litla fasteignafélaginu ehf. Umrædd samantekt er byggð á gögnum er Ríkislöggreglustjórinn aflaði hjá hlutafélagaskrá. Samkvæmt umræddum gögnum virðast þau Grétar Haraldsson og Solveig Theodórsdóttir hafa stofnað einkahlutafélagið Litla fasteignafélagið ehf. 10. desember 1998. Samkvæmt umræddum gögnum virðist Grétar Haraldsson hafa við stofnun félagsins tekið sæti í stjórn félagsins og Solveig Theodórsdóttir í varastjórn þess. Endurskoðun félagsins við stofnun er sögð í höndum KPMG Endurskoðunar hf. og ritar Aðalsteinn Hákonarson fyrir því. Aðalstarfsemi félagsins er sögð eign og rekstur fasteigna. Samkvæmt samantektinni er Solveig sögð hafa setið í stjórn félagsins til 20. maí 1999.

- Skjöl málssins nr. II/25.7.0 og 25.7.1 til 25.7.12

Solveig er spurð hvort þetta séu réttar upplýsingar.

Solveig segir að þetta kunni að vera réttar upplýsingar. Hins vegar reki hana minni til að félagið hafi verið tekið af þeim miklu fyrr, en það hafi verið á að giska mánuði eftir stofnun. Solveig segir að hún þekki ekkert af því fólk sem um er getið í samantektinni, að undaskildum Tryggva Jónssyni, en hann hafi hún einhvern tímann séð – án þess að hafa átt orðaskipti við hann.

Solveigu er sýnt afrit af tilkynningu til hlutafélagaskrár um breytingu á heimilisfangi Litla fasteignafélagsins ehf. og á skipan stjórnar félagsins, dags. 20. maí 1999. Samkvæmt umræddri tilkynningu hafa tekið sæti í stjórn 20. maí 1999 Tryggvi Jónsson, stjórnarformaður, Linda Jóhannsdóttir, varamaður og Runólfur Runólfsson ráðinn framkvæmdastjóri.

- Skjal málssins nr. II/50.7.7

Solveig er spurð hvort þetta séu réttar upplýsingar.

Solveig segir að hún vilji áréttu að hún þekki ekkert til þessa fólks og hafi enn fremur aldrei setið fund í stjórn Litla fasteignafélagsins ehf.

Solveig er spurð hver hafi greitt hlutfé Litla fasteignafélagsins ehf. við stofnun þess.

Solveig segir að hún hafi enga vitneskju um það, en hún viti ekki til þess að Grétar hafi lagt fram peninga vegna stofnun þessa félags.

Solveig er spurð hvort eitthvað fjárhagslegt uppgjör gagnvart henni og Grétari þegar félagið var tekið af þeim.

Solveig segir að henni vitanlega hafi það ekki farið fram og telji hún að svo hafi ekki verið.

Solveigu er sýnt afrit af kvittun um að Gaumur hf. hafi greitt Solveigu Theodórsdóttur og Grétari Haraldssyni andvirði hlutafélagarnar í Litla fasteignafélaginu ehf., dags. 31. desember 1999. Samkvæmt téðu skjali hefur Gaumur hf. greitt þeim Grétari og Solveigu kr. 500.000 fyrir hlutfé Litla fasteignafélagsins ehf.

- Skjöl málssins nr. II/50.26.1

Solveig er beðin að gera grein fyrir þessu skjali.

8.5.

Solveig segir að hún muni ekki eftir þessu skjali. Solveig segir að Grétar hljóti að hafa reitt þessa fjármuni af hendi við stofnun félagsins, en sem áður segir hafi henni ekki verið kunnugt um það.

**Kaup fasteigna til Litla fasteignafélagsins ehf.**

Solveig er spurð hvort hún geti gert einhverja grein fyrir kaupum á fasteignum til Litla fasteignafélagsins ehf. á árunum 1998 og 1999.

Solveig segir hún hafi enga vitneskju um það.

**Sala fasteigna frá Litla fasteignafélaginu ehf. til Fasteignafélagsins Stoða hf.**

Solveig er spurð hvort hún geti gert einhverja grein fyrir sölu á fasteignum frá Litla fasteignafélaginu ehf. á árunum 1998 og 1999.

Solveig segir að hún hafi enga vitneskju um það.

Solveig er spurð að lokum hvort hún vilji taka eitthvað sérstaklega fram eða koma á framfæri einhverjum ábendingum eða athugasemdum.

Solveig segir að hún vilji taka fram að hennar upplifun að stofnun Litla fasteignafélagsins og því sem á eftir kom, hafi verið sú að ruddalega hafi verið komið fram við Grétar af þeim mönnum sem stóðu þarna að baki, þá aðallega Tryggva Jónssyni.

Solveig hefur lesið skýrsluna yfir. Hún telur skýrsluna rétt bókaða og engu við að bæta.

Yfirheyrslu og yfirlestri skýrslu lokið fimmtudaginn 9. júní 2005 kl. 13:55

Yfirlesið staðfest rétt

Skýrslu gerir

*Solveig Theodórsdóttir*  
Solveig Theodórsdóttir

*Birgir Jónasson*  
Birgir Jónasson, löggreglufulltrúi

Vottur að undirritun skýrslu

*Jóhanna Steinsdóttir*  
Jóhanna Steinsdóttir, fulltrúi